

31. desember 1998

Nr. 34

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Póllands tók á árinu 1998 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, 25/1993, 54/1995, 60/1995, 24/1996 og 29/1997, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/98	16.11.1998	Breyting á bókun B	01.01.1999
2/98	16.11.1998	Niðurfelling á bókun C	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

31. desember 1998

Nr. 35

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Rúmeníu tók á árinu 1998 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1995, 55/1995, 25/1996 og 30/1997, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/98	20.08.1998	Breyting á IV. viðauka	20.08.1998
2/98	29.12.1998	Breytingar á bókun B	01.01.1999

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

31. desember 1998

Nr. 36

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóvakíu tók á árinu 1998 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar